

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Úlfars Þormóðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Úlfars Þormóðssonar og er stofnaður í tilefni af því að 369 ár eru liðin frá „Tyrkjaráni“.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem er framlag Úlfars Þormóðssonar, er 453 þúsund krónur og skal haldast óskert.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja íslenska menningu og listir.
2. Að afla gagna um afdrif Íslendinga í Berbalöndum Afríku.
3. Að styðja við útgáfu frumsamins íslensks menningarefnis.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög stuðningsaðila.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Úlfar Þormóðsson tilnefnir tvo þeirra til eins árs í senn og situr sjálfur í stjórn og er formaður hennar svo lengi sem hann óskar þess, en hverfi hann úr stjórn velja þeir sem eftir sitja mann í hans stað og skal þá stjórnin skipta með sér verkum og ákveða endurnýjun sína.

7. gr.

Stjórnin ávaxtar fé sjóðsins sem best má verða hverju sinni, ráðstafar því og ákveður úthlutun að eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórnarfund eigi síðar en í lok júnímánaðar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á fundi sem haldinn var 9. júní 1996 og getur einvörðungu fullskipaður stjórnarfundur tekið ákvörðun um breytingar á henni og hvort sjóðurinn hætti starfsemi. Verði sjóðurinn lagður niður renna eigur hans til Flóttamanna-hjálpur Sameinuðu þjóðanna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. júlí 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 393

26. júní 1996

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag æfingakennslu kennaranema í grunnskólum.

1. gr.

Skólar sem annast kennslu kennaranema til starfa við grunnskóla skulu tryggja þessum nemum aðstöðu til æfingakennslu á náms tíma sínum með því að semja við skólastjóra og skólanefndir um að taka nemana í æfingakennslu.

Um stundafjölda í æfingakennslu og nánara fyrirkomulag fer eftir námskrá viðkomandi kennaramenntunarstofnunar.

Þar sem sérstakar skólamálastofnir á vegum sveitarfélaga eru starfandi má semja við þær um að hafa milligöngu um útvegum aðstöðu til æfingakennslu.

Kostnaður við æfingakennslu telst hluti af rekstrarkostnaði viðkomandi kennaramenntunarstofnana.

2. gr.

Um æfingakennslu kennaranema við Íþróttakennaraskóla Íslands fer samkvæmt 3. gr. laga nr. 65/1972.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands sbr. 3. gr. laga nr. 46/1994 um breytingu á þeim lögum, 17. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 51/1992 með áorðnum breytingum um Háskólann á Akureyri sbr. einnig 4. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 380 frá 1994 um Háskólann á Akureyri svo og með heimild í 16. gr. laga nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands og 14. gr. laga nr. 38/1965 um Myndlist- og handíðaskóla Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.